Námsgrein: Myndmennt/Sjónlistir Val 8.-10. bekkur

Kennari: Helga Dagný Einarsdóttir

Tímafjöldi á viku: 1 klst.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag: Sýnikennsla, stuttir fyrirlestrar og verklegar æfingar

Námsmat: Símat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli. Við námsmat er einnig litið til umgengni, vinnulags og hvort fyrirmælum sé fylgt.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti.
Sjálfbærni	Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag. Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbeitingu og hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi.
Jafnrétti	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og stuðlar að inngildandi námsumhverfi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms.

Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

Áhersla er lögð á sköpun, sjálfbærni, fjölbreytileika, jafnrétti, mannréttindi og tjáningu. Nemendur fá tækifæri til að tjá eigin hugmyndir, skoðanir og upplifanir í gegnum myndlist og skapandi vinnu, virða ólík sjónarhorn og vinna með ábyrgri og meðvitaðri notkun efna. Áhersla er lögð á að allir nemendur fái að taka þátt, njóti sín á eigin forsendum og upplifi að hugmyndir þeirra og sjónarmið skipti máli.

Unnið er meðal annars með **Heimsmarkmið 4, 5, 10, 11, 12 og 13** og **2., 12., 13. og 29. grein Barnasáttmálans**, eftir eðli og áherslum hvers verkefnis.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Listasaga: Samtímalist	Kynning á listamönnum og listastefnu, fjölbreyttur efniviður	• valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni, • sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal, • skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta. • tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið • greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu, • notað orðaforða og hugtök frumþátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati. • greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina,	• Að sýna því skilning hvernig listaverk eru ekki aðeins sköpuð í ólíkum tilgangi heldur einnig hvernig þau hafa áhrif á áhorfandann og öfugt • Að gera tilraunir og prófa sig áfram með ólíka miðla og tækni í eigin sköpun • Að sýna sjálfstæð vinnubrögð, útskýrt vinnuferli af nokkurri nákvæmni og færa rök fyrir nálgun sinni • Að halda til haga hugmyndavinnu sinni á skipulagðan hátt • Að tjá tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt í listsköpun sinni • Að greina hvernig listamenn nota sjónræna þætti til að miðla skilaboðum eða tjá pólitísk eða félagsleg viðhorf í verkum sínum • Að nota grunnorðaforða sjónlista til þess að lýsa og greina listaverk og hönnun með einföldum skýringum

			• Að þekkja mismunandi listform og aðferðir samtímalistar ásamt því að geta bent á algeng viðfangsefni
Útilistaverk (Ef veður leyfir)	Akríl málning, penslar	• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið	• unnið að samsköpun á fjölbreyttan hátt og gefið tjáningu annarra vægi
Plakat: Ég get haft áhrif	Tölvur: unnið í canva, myndefni af netinu og úr forritinu	• valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni, • sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal, • greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu, • notað orðaforða og hugtök frumþátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati. • gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi,	• Að dýpka skilning á því hvernig listaverk geta haft áhrif á og endurspeglað einstaklinga og hópa • Að geta lýst og útskýrt innblásturinn að baki hugmynd sinni bæði á sjónrænan og munnlegan hátt • Að skoða og ræða hvernig myndmál og sjónrænt áreiti (auglýsingar, samfélagsmiðlar, fjölmiðlar, kvikmyndir o.fl.) getur haft áhrif á gildismat (sjálfsmat, fegurðarstaðlar, neyslumenningu o.s.frv.) • Að rökstyðja listrænar ákvarðanir sínar með því að nota orðaforða og hugtök sjónlista • Að bera kennsl á duldari hönnun í daglegu lífi (auglýsingar, umbúðir, leturgerð o.s.frv.) og átta sig á áhrifum hönnunar á eigið líf
Önnur frjáls og opin verkefni			• Að nemendur þjálfist í að skapa út frá eigin áhuga